

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/599****2019/EES/38/15****frá 11. apríl 2019****um breytingu á viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og hjálendna krúnunnar með tilliti til kúariðu***(tilkynnt með númeri C(2019) 2830) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrömunar ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Hinn 22. mars 2019 samþykkti leiðtogaráðið ákvörðun (ESB) 2019/476 ⁽²⁾ um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið í samráði við Bretland. Ef neðri deild þingsins samþykkir ekki útgöngusamning eigi síðar en 29. mars 2019 er tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, framlengt til 12. apríl 2019 í samræmi við þá ákvörðun. Þar eð útgöngusamningurinn var ekki samþykktur fyrir 29. mars 2019 hætta lög Sambandsins að gilda um og í Bretlandi frá og með 13. apríl 2019 (hér á eftir nefndur „útgöngudagurinn“).
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að aðildarríki, þriðju lönd eða svæði innan þeirra skuli flokkuð samkvæmt stöðu þeirra með tilliti til kúariðu í einn af þremur flokkum: áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum og áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind.
- 3) Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland lagði umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um að staða landsins með tilliti til kúariðu yrði ákvörðuð og tilgreindi að hún næði einnig til hjálendna krúnunnar. Umsókninni fylgdu viðeigandi upplýsingar fyrir landið og hjálendur krúnunnar um þær viðmiðanir og hugsanlega áhættuþætti sem kveðið er á um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 4) Skotland er sem stendur flokkað í flokkinn áhætta er óveruleg en nýtt kúariðutilvik var staðfest á því svæði í Bretlandi 18. október 2018. Þess vegna uppfyllir Skotland ekki lengur kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 að því er varðar flokkinn áhætta er óveruleg. Því ætti að flokka Skotland í flokkinn áhættu er haldið í skefjum.
- 5) Að teknu tilliti til stöðu Norður-Írlands með tilliti til kúariðu er hægt að líta svo á að áhættan þar sé óveruleg en hægt er að líta svo á að í öðrum hlutum Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og hjálendum krúnunnar sé áhættu í tengslum við kúariðu haldið í skefjum.
- 6) Að teknu tilliti til sérstöku upplýsinganna sem getið er hér að framan og til þess að forðast óþarfa röskun á viðskiptum frá útgöngudeginum ætti því að fella Norður-Írland inn í skrána yfir svæði þriðju landa í A-lið viðaukans við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ⁽³⁾ og aðra hluta Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og hjálendur krúnunnar inn í B-lið sama viðauka í tengslum við flokkun landa eða svæða samkvæmt stöðu þeirra með tilliti til kúariðu. Því ætti að breyta viðaukanum við þá ákvörðun til samræmis við það.
- 7) Ákvörðun þessi ætti að koma til framkvæmda frá og með 13. apríl 2019. Hins vegar ætti hún ekki að koma til framkvæmda ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 103, 12.4.2019, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2019 frá 11. apríl 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

(2) Ákvörðun leiðtogaráðsins (ESB) 2019/476 sem tekin var í samráði við Bretland 22. mars 2019 um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (Stjttíð. ESB L 80 I, 22.3.2019, bls. 1).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjttíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2007/453/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 13. apríl 2019.

Hins vegar skal hún ekki koma til framkvæmda ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jyrki KATAINEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við ákvörðun 2007/453/EB kemur eftirfarandi:

„VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LÖND EÐA SVÆÐI**A. Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg***Aðildarríki*

- Belgía
- Búlgaría
- Tékkland
- Danmörk
- Þýskaland
- Eistland
- Króatía
- Ítalía
- Kýpur
- Lettland
- Litáen (Lietuva)
- Lúxemborg
- Ungverjaland
- Malta
- Holland (Niðurland)
- Austurríki
- Pólland
- Portúgal
- Rúmenía
- Slóvenía
- Slóvakía
- Spánn
- Finnland
- Svíþjóð

EFTA-lönd

- Ísland
- Liechtenstein
- Noregur
- Sviss

Þriðju lönd

- Argentína
- Ástralía
- Brasilía
- Chile (Síle)
- Colombia
- Costa Rica

- Indland
- Ísrael
- Japan
- Namibía
- Nýja-Sjáland
- Panama
- Paragvæ
- Perú
- Singapúr
- Bandaríkin
- Úrúgvæ

Svæði þriðju landa

- Norður-Írland

B. Lönd eða svæði þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum

Aðildarríki

- Írland
- Grikkland
- Frakkland

Þriðju lönd

- Kanada
- Guernsey
- Mön
- Jersey
- Mexíkó
- Níkaragva
- Suður-Kórea
- Taívan
- Bretland, að undanskildu svæðinu Norður-Írlandi

C. Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind

- Lönd eða svæði sem ekki eru skráð í A- eða B-lið.“
-